

Fréttabréf



Kjarakönnun 2021
Heldrimannaferð
Sveinafélag pípulagningamanna

DAGBÓK 2022

Dagbókin 2022 er fáanleg fyrir félagsmenn FIT. Dagbókin er með upplýsingasíður um FIT og í henni má finna ýmsan gagnlegan fróðleik. Félagsmenn geta sent okkur póst á netföngin helgaa@2f.is eða helga@2f.is eða hringt í símanúmer **540-0100**. Við munum senda ykkur eintak af bókinni strax hvert á land sem er.

DAGBÓK FAGFÉLAGA



DAGBÓK
2022

MÍNAR SÍÐUR Á FIT.IS

Allir greiðendur og virkir félagsmenn eru með aðgang að þjónustusíðum FIT með rafrænum skilríkjum eða Íslykli. Mínar síður hafa verið í stöðugri þróun frá því að þær voru opnaðar. Því er gott að sem flestir skoði og noti síðurnar og komi ábendingum til starfsfólks skrifstofunnar ef þarf.

FÉLAGSSKÍRTEINI

Mínum á að allir félagsmenn FIT geta sótt um félagsskírteini hér hjá okkur á Stórhöfða 31 eða sent póst á helga@samidn.is. Félagsskírteini veita félagsmönnum afslátt hjá fjölda fyrirtækja. Flestir afslættirnir eru á bilinu 5% til 15%. Það má nálgast upplýsingar um fyrirtækin á mínum síðum á fit.is

BRIDGE

Áfram er fyrirhugað að vera með bridge-kvöld á nýju ári ef Covid-19 leyfir. Þá verður spilað aðra hverja viku fram til vors. Allir velkomnir. Vinsamlegast fylgist með heimasíðu FIT þar sem spilakvöldin verða auglýst.

VIÐ ERUM Á FACEBOOK

Líkaðu við facebook síðu FIT

Við minnum á að allar fréttir af fit.is birtast jafnóðum á facebook-síðu félagsins. Þar á meðal allar tilkynningar um laus orlofshús en laus hús eru auglýst með litlum fyrirvara ef einhver hefur hætt við bókun. Þá er hægt að grípa hnossið og skella sér í bústað yfir helgi.

IDAN-FRÆÐSLUSETUR

Ný námskeið á vorönn

Við hvetjum félagsmenn til að kynna sér hvað IDAN-fræðslusetur hefur upp á að bjóða á vorönn. Á hverri önn eru fjölbreytt námskeið haldin í Íðunni, bæði sérhæfð fag-námskeið og námskeið almenns eðlis.

Verð á námskeið Íðunnar eru tvenns konar. Félagsmenn sem greitt er í endurmenntunarsjóð, af atvinnurekanda, greiða lægra gjald þar sem búið er að niðurgreiða þau námskeið fyrir félagsmenn. Allar upplýsingar um námsframboð er að finna á heimasíðu Íðunnar: idan.is



VEIÐIKORTIÐ 2022

Veidikortið fyrir 2022 kemur í sölu í desember eins og undanfarin ár. Kortið veitir nær ótakmarkaðan aðgang að 36 vatnasvæðum vítt og breitt um landið. Kortið kostar 8.900 krónur í almennri sölu en 5.000 krónur fyrir félagsmenn FIT. Hver félagsmaður getur keypt eitt veiðikort. Glæsileg handbók fylgir.



SVEINALISTI Í BYGGINGA-GREINUM

Á þessari síðu; <https://samidn.is/sveinalisti/> má finna lista yfir þá aðila sem hafa klárað sveinspróf í bygginga-greinum.

Mikilvægt er að átakið „Allir vinna“ haldi áfram í óbreyttri mynd Iðnaðarmenn vinna ekki í fjarvinnu!



Hilmar Harðarson, formaður

Það fer ekki framhjá neinum að landslagið allt er gjörbreytt eftir Covid-19 faraldurinn. Atvinnu- og menntalífið hefur tekið stökkbreytingu þar sem fólk vinnur og menntar sig í auknum mæli að heiman og mikil umræða er um það hjá atvinnurekendum að slíkt sé komið til að vera. Það á ekki við um okkur. Þetta eru líklega erfiðari tímar fyrir iðnaðarmenn en flestar aðrar stéttir, því iðnaðarmenn geta ekki unnið í fjarvinnu! Við getum ekki farið á Zoom eða Teams til að smíða, unnið við pípulagnir, lagt rafmagn eða gert við bíla. Fjöldi iðnaðarmanna og fyrirtæki hafa orðið fyrir miklu tekjutapi. Átak á borð við „Allir vinna“ kom að einhverju leyti til móts við það tekjutap og sýndi sig að það virkaði. Þess vegna kom það flestum, ef ekki öllum, í opna skjöldu þegar fjárlög voru lögð fram, að ekki stendur til að viðhalda 100 % endurgreiðslu á virðisaukaskatti til verkkaupa, heldur færa það í fyrra horf. Það er ságrætilegt að hætta því sem vel gengur og skilar raunverulegum ávinningi fyrir bæði iðnaðarmenn og samfélagið allt. Mikil örvun varð í hagkerfinu með „Allir vinna“ og við hvetjum stjórnvöld til að sýna svart á hvítu að þeim sé alvara og framlengja átakið á komandi ári.

Innantóm loforð um iðnnám

Fögur fyrirheit um eflingu iðn- og verknáms og stuðning við ungt fólk sem vill koma til starfa í iðngreinum, eru ekkert annað en innantómur loforðaflaumur. Vinnustaðarnámssjóður er óbreyttur á fjárlögum stjórnvalda og auk þess þurftu 800 nemendur frá að hverfa á síðasta skólaári og fengu ekki skólavist. Sú tala sýnir svo ekki verður um villst að ungt fólk horfir í síauknum mæli til þeirra starfa sem felast í iðn og tæknigreinum og allir eru sammála um mikilvægi þeirra, mikilvægi endurnýjunar í greinunum og mikilvægi þess að jafnræðis sé gætt þegar kemur að námsvali. Því kemur það verulega á óvart að ekki sé bætt í þegar horft er til iðnnáms. Það þarf að fara í

átak á þessu sviði og stjórnvöld þurfa að hysja upp um sig buxurnar og standa við stóru orðin.

Hársnyrtisveinar bætast í hópinn

Félagi iðn- og tæknigreina bætist góður liðsauki við nýlega þegar Félag hársnyrtisveina gekk til liðs við félagið. Sameiningin var samþykkt með yfirburðum hjá báðum félögum og það er okkur sönn ánægja að bjóða hársnyrtisveina velkomna í hópinn. Sameiningin er hagr beggja og stærra og öflugra stéttarfélag eykur ekki aðeins þjónustuna við félagsmenn, heldur stendur vörð um réttindi og kjör félagsmanna. Þetta er góð viðbót og við vitum að samstarfið og samvinnan á eftir að ganga vel um ókomin ár.

Launahækkanir og desemberuppbót

Kjaramálin eru sem fyrr einn allra mikilvægasti þáttur félagsins og forystumenn félagsins leggja nótt við dag til að tryggja sem best kjör og aðstæður fyrir alla félagsmenn. Því er rétt að minna á að frá og með áramótum hækka dagvinnulaun félagsmanna um 17.250 krónur á mánuði og taxtar um 25.000 krónur. Þá er desemberuppbót fyrir hvert almanaksár 96.000 krónur fyrir fullt starf og skal hún greidd eigi síðar en 15. desember. Við hvetjum félagsmenn okkar til að ganga úr skugga um að við þetta sé staðið. Í þessu sambandi má sérstaklega benda á árlega kjarakönnun félagsins í þessu blaði og bendum félagsmönnum á að nýta sér þær upplýsingar í næsta launaviðtali.

Hátíðarkveðjur

Gott samstarf er oft lykillinn að árangri og það er óhætt að segja að góð samvinna sé á Stórhöfðanum milli iðnaðarmannafélaganna. Góður starfsandi og árangursrík samtöl hafa skilað sínu og fyrir það á að þakka. Ég vil nota tækifærið og óska ykkur, fyrir hönd stjórnar og starfsmanna, gleðilegra jóla og hamingjuríks komandi árs með kærum þökkum fyrir hið liðna.



MIKLABRAUT Í STOKK

Hugmyndir eru uppi að setja Miklubrautina í stökk og þá er gaman að rifja upp og birta gamlar myndir af því þegar Vélamiðstöðin stóð í stórfamkvæmdum í Norðurmýrinni. Það á að grafa risastóran skurð og ofan í þennan skurð á að steypa kassa fyrir bíla-umferð. Það hefði kannski verið best að fara í þá framkvæmd 1958 þegar þessar myndir voru teknar.



Félag hár- snyrtisveina sameinast Félagi iðn- og tæknigreina

Félagsmenn Félags hársnyrtisveina og Félags iðn- og tæknigreina samþykktu sameiningu félaganna.

Atkvæðagreiðsla um sameiningu FHS við FIT lauk þann 16. nóvember hjá FHS og 25. nóvember hjá FIT. Alls tóku 21% félagsmanna Félags hársnyrtisveina þátt í atkvæðagreiðslunni og féllu atkvæði þannig: 57,25% sögðu já en 3,9% sögðu nei en 1,30% tóku ekki afstöðu.

Hjá Félagi iðn- og tæknigreina var sameiningin samþykkt samhljóða á tveimur félagsfundum, eins og lög gera ráð fyrir.


Forysta félaganna fagnar þessum úrslitum og þakkar öllum þeim fjölda félagsmanna sem kynntu sér málið og tóku þátt í atkvæðagreiðslunni. Sameiningin er hagur beggja og lítum við björtum augum til framtíðar. Fjöldmörg tækifæri biða okkar í stærra og öflugra stéttarfélagi. Saman verðum við sterkari til að mæta framtíðar vinnumarkaði og þeim áskorunum sem þar eru. Markmiðið með sameiningunni er fyrst og fremst að standa vörð um réttindi og kjör félagsmanna og leitast við að auka þjónustu við félagsmenn.



Laun og launaþróun


Samantekt unnin fyrir FIT af hagdeild ASÍ, úr gögnum frá Hagstofu Íslands

Miðgildi launa á almennum og opinberum markaði 2020




Laun iðnaðarmanna árið 2020

Fullvinnandi á almennum vinnumarkaði




Meðaltal heildarlauna 2020 eftir störfum

Mánaðarlaun í þús.



Meðaltal heildarlauna 2020 eftir störfum


Mánaðarlaun í þús.



Reglulegt tímakaup iðnaðarmanna e. störfum

Meðaltal ársins 2020 og framreikningur mv. launavísitölu iðnaðarmanna til júlí 2021

Mánuðurinn 173,33 klst.




Kjarakönnun 2021

Hér á eftir eru helstu niðurstöður könnunar sem FIT gerði meðal félagsmanna sinna. Könnunin var gerð í nóvember sl. Góð þátttaka var í kjarakönnuninni en 858 félagsmenn FIT tók þátt. Þetta er marktækur fjöldi og svona kannanir nýtast mjög vel í samningaviðræðum, sérstaklega í viðræðum um laun.


Við viljum þakka félagsmönnum kærlega fyrir þátttökuna.

Könnuð var aldursamsetning þátttakenda og er niðurstaða hennar eftirfarandi. Á hvaða aldri ert þú?

- Yngri en 25 ára
- 26-34 ára
- 35-44 ára
- 45-54 ára
- 55-64 ára
- 65 eða eldri
- Ekkert svar




Á hvaða bili voru heildartekjur þínar fyrir síðasta mánuð fyrir skatta?



- Lægr en 300 þús.
- 300-349 þús.
- 350-399 þús.
- 400-449 þús.
- 450-549 þús.
- 550-649 þús.
- 650-749 þús.
- 750-799 þús.
- 800 þús. +
- Ekkert svar

Innan hvaða starfsgreinar starfar þú?




- Bílgreinar
- Bygginga- og mannvirkjagreinar
- Garðyrkja
- Hönnun, listir, handverk
- Málm-, véltækni- og framleiðslugreinar
- Tækniteiknun
- Uppl. - og fjölmiðlagreinar
- Þjónustugreinar
- Annað
- Ekkert svar

Hver er dagvinnutaxti þinn?


Meðaltal dagvinnutaxta fyrir
bygginga- og mannvirkjagreinar

■ Landsbyggðin ■ Höfuðborgarsvæðið

**Hver er dagvinnutaxti þinn?**


Meðaltal dagvinnutaxta
fyrir bílgreinar

■ Landsbyggðin ■ Höfuðborgarsvæðið

**Hver er dagvinnutaxti þinn?**


Meðaltal dagvinnutaxta fyrir
málm-, véltækni- og framleiðslugreinar

■ Landsbyggðin ■ Höfuðborgarsvæðið

**Hver er dagvinnutaxti þinn?**

Meðaltal dagvinnutaxta
fyrir garðyrkju

■ Landsbyggðin ■ Höfuðborgarsvæðið



FIT könnun 2021


Niðurstöður könnunar sem félagsmenn Félags iðn- og tæknigreina tóku þátt í október s.l. má sjá hér á þessari opnu. Niðurstöðurnar eru mjög áhuga- verðar og er jákvæð og góð hvatning. Jafnframt er hún hvatning um að gera betur og þjónusta við- skiptavini okkar enn betur en nú er gert.

Dregið var úr hópi félagsmanna FIT sem svöruðu könnuninni. FIT óskar vinningshöfum til hamingju og þakkar öðrum félagsmönnum sem tóku þátt í könnuninni kærlega fyrir að gefa sé tíma til að svara. Hvert og eitt svar skiptir miklu máli. Það voru fimm heppnir þátttakendur sem voru dregnir út.


Vinningshafar í happadrætti FIT:

1. Vinningur - Helgardvöl (16.000 kr.)
Gísli Rúnar Guðmundsson
2. Vinningur - Helgardvöl - (16.000 kr.)
Friðrik Runólfur Gunnarsson
3. Vinningur - 15.000 kr. Ferðaávisun
Garðar Flygenring
4. Vinningur - 15.000 kr. Ferðaávisun
Ólafur Friðrik Ólafsson
5. Vinningur - 15.000 kr. Ferðaávisun
Jón Eðvarð Guðbjartsson


Hvernig finnst þér FIT standa sig í kjarabaráttu sinna félagsmanna?




Hvernig finnst þér FIT standa sig í samskiptum við félagsmenn?




Hversu vel þekkir þú réttindi þín hjá FIT?




Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með þjónusu FIT?



Hver er staða þín á vinnumarkaði?




Ertu á mánaðarkaupi eða dagvinnutaxta (tímakaupi)?




Býrðu í eigin húsnaði eða í leiguhúsnaði?

Eigin húsnaði Leiguhúsnaði Annað Ekkert svar




Hvaðan færðu helstu upplýsingar um starfsemi og þjónustu FIT?

Facebook Heimasíðu Fréttablaði Rafrænt fréttabréf Annað Ekkert svar




Nú þegar rafræn þjónusta er aðgengilegri, viltu fá...?

Sumarh. bækl. rafrænt Sumarh. bækl. heimsent Fréttabréf rafrænt Fréttabréf heimsent Annað




Hvenær varstu síðast í íbúð eða sumarhúsi á vegum félagsins?

2021 2020 2019 2018 2017 eða fyrr Ekki notað orlofshús Ekkert svar




Hversu vel var húsið þrifið þegar þú komst að?

Mjög vel Vel Sæmilega Illa Mjög illa Ekkert svar




Hvernig upplifðir þú að húsinu væri haldið við?

Í mjög góðu ástandi Í góðu ástandi Þarf viðhald Þarf sárlega viðhald Ekkert svar




Hvernig var aðbúnaður eldhúsi (eldunartæki, borðbúnaður og áhöld)?

Mjög góður Góður Sæmilegur Slæmur Mjög slæmur Ekkert svar




Hvernig var ástand innanstokks/ húsgagna (rúm, stólar, sófar)?

Mjög gott Gott Sæmilegt Lélegt Mjög lélegt Ekkert svar



Hversu ánægð/ur varstu með dvöl?

Mjög ánægð/ur Frekar ánægð/ur Hvorki né Frekar óánægð/ur Mjög óánægð/ur Ekkert svar



KLUKK
KLUKK-INN | KLUKK-ÚT



VERTU MEÐ VINNUTÍMANA Á HREINU

Klukk er frítt tímaskráningarapp fyrir launafólk. Þú skráir vinnutímana þína með einum smelli í Klukk og veist þá nákvæmlega hversu mikið þú vinnur og hvenær. Hægt er að virkja staðsetningarbúnað í appinu sem minnir þig á að klukka þig inn eða út. Náðu þér í Klukk í AppStore eða á GooglePlay.

Nánar á asi.is/klukk



Now also in English



Teraz także w języku polskim

**Sendum félagsmönnum,
fjölskyldum þeirra og
landsmönnum öllum
hugheilar jóla- og
nýárskveðjur.**





90 ára
11. maí 2022



Sveinafélag pípulagningamanna

var stofnað í KR húsinu, öðru nafni Bárubúð, þann 11. maí árið 1932. Félagið er stofnað upp úr Félagi pípulagningamanna sem var félag meistara og sveina, sem starfað hafði frá árinu 1928, en svo fór að sveinar vildu tilheyra eigin félagi. Stofnendur munu hafa verið sex pípulagningamenn sem allir mynduðu stjórn hins nýja félags. Í fyrstu fundagerð félagsins kemur fram að tilgangur félagsins hafi verið að sameina alla pípulagningamenn sem höfðu sveinspróf og berjast fyrir því sem verða má til hagsbóta fyrir félagsmenn. Einnig kemur fram að félagið sem heild væri óháð öllum stjórn málaflökkum og öðrum félögum en að stjórnin myndi sjá til þess að haldnir væru fræðandi fyrirlestrar um þjóðmál sem og önnur nytjamál er heildina geti varðað.

Félagið gekk strax í lðnsamband byggingamanna í Reykjavík. Á aðalfundi 16. janúar 1938 var samþykkt að 1% af launum félagsmanna rynnu til félagsins og að helmingur gjaldsins yrði notaður til að stofna styrktarsjóð sem yrði lánasjóður fyrir atvinnulausa félagsmenn. Þessi sjóður rann síðar inn í sjúkrasjóð félagsins. Við sameininguna við FIT í janúar 2007 voru skráðir um 300 félagsmenn í Sveinafélagi pípulagningamanna.

**11. maí
1932**

Á næsta ári verða 90 ár frá stofnun félagsins. Af því tilefni var ákveðið að rifja upp sögu þess og taka viðtal við Sigurð Pálsson fyrrverandi formann Félags pípulagningamanna.



Tveir pípulagningamenn að snitta rör fyrir utan Holdsveikraspítalann í Laugarnesi, árið 1916. Ljósmyndari: Magnús Ólafsson.

A portrait of an elderly man with white hair, smiling. He is wearing a blue patterned blazer over a light blue patterned shirt. The background is blurred.

Með pípulagnir í genunum

**Spjallað við Sigurð Pálsson
pípulagningamann um lífs-
hlaupið**

Sigurður Pálsson, eða Siggi Páls eins og hann er kallaður, er fæddur í Kringlumýrinni árið 1948. Af sjálfu leiddi vegna staðsetningarinnar að hann gekk í Fram í æsku til að spila fótbolta og gekk í Laugarnesskólann. Hann er enn Frammari. Eftir 2. bekk í gagnfræðaskóla fór hann út á vinnumarkaðinn, þá á fimmtánda ári. En hann hafði svo sem reynt á sig áður; var í sveit á bænum Hvassafelli undir Eyjafjöllum frá 6 ára aldri þar til hann varð 13 ára. Telur sig heppinn að hafa fengið þá lífs-reynslu. Spurður hvort hann hefði þá ekki haft áhuga á að verða bóndi, svarar hann því jánkandi og hlær við, „en stelpurnar vildu ekki giftast mér“. Seinna fór svo faðir hans að byggja íbúðarhús þar sem nú heitir Skipholt. Kringlumýrarvegur var lagður af og Skipholtið kom í staðinn og svo Háaleitisbraut upp að því. Þá var Sigurður gerður að handlangara hjá múrurum.

„Gerður að yfirhandlangara“

– Pabbi var pípulagningarmaður og hann byrjaði að byggja þarna. Föðuramma mín átti þarna mikið landsvæði sem tekið var eignar-námi þegar Álftamýrin og það svæði var byggð. Hann byggði sunnan við húsið Höfn. Ég var gerður að yfirhandlangara og líkaði það illa. Þetta var sóðaleg vinna og erfið og ég hafði satt að segja engan áhuga á henni.

Svo heyrði ég einu sinni í hádeginu að það var auglýst eftir vönum háseta á togara. Ég fór og sótti um. Var spurður hvort ég væri vanur, ég sagðist aldrei hafa mígið í saltan sjó, en maður yrði ekki vanur nema fá að prófa. Maðurinn skrifaði niður símanúmerið mitt og sagðist mundu hafa samband. Um kaffileytið fór ég svo til ömmu gömlu til að athuga hvort einhver hefði hringt, en svo var ekki, svo ég fór aftur út.

En eftir klukkan fjögur kom amma út og kallaði mig í símann. Þar var skipsstjórinn og hann spurði hvort ég gæti verið tilbúinn strax. Ég hafði þegar pakkað niður og sagðist vera tilbúinn. „Hringdu þá á bíl frá Steindóri og komdu niður á bryggju.“ Ég gerði það og var fluttur á báti út á ytri höfnina þar sem lá einhver kolsvartur togari. Það var Jón forseti. Ég þrilaði um borð og var skráður og festi kaup á vinnugalla. Þegar ég svo kom aftur í, var þar þvílíkt fylleri og huggulegheit. Mér var boðin Bloody Mary og þáði það. En þegar ég sá hvað fór í blönduna leist mér ekkert á það, íslenskt brennivín og tómatsósa frá Val og pipar eða eitthvað sem ég man ekki hvað var. Þessu var hrært saman og sagt gjörðu svo vel. Ég sagði takk og fékk mér sopa. Hljóp svo út á dekk og ældi.

„Ég var á Jóni forseta“

Þessi fyrsti túr minn á togara endaði mjög skemmtilega. Farið var beint á Selvogsbanka til að veiða kola. Til stóð að fara með skipið í klössun til Englands en veiðin gekk ekkert, eftir þrjá daga var siglt inn til Vestmannaeyja og keypt þar 100 tonn af kola. Áhöfnin var send heim nema einhverjir fimm menn. Þannig að þetta var mjög stuttur túr.

Daginn eftir að ég kom heim labbaði ég niður á höfn. Þar lá þá togari sem hét Ingólfur Arnarson, grámálaður og fallegur. Ég fór um borð og spurði hvort þá vantaði ekki háseta. „Ertu vanur?“ spurði skipstjórinn. „Já, ég var á Jóni forseta,“ sagði ég og var ráðinn.

Ég fór tvo túra á Ingólfi Arnarsyni, en ég var svikinn um laun eftir fyrri túrinn og svo aftur eftir þann síðari svo ég fór ekki með þeim aftur. En þá var Jón forseti kominn heim úr klössuninni og ég skellti mér um borð og og fór með honum tvo túra, sigldi til Cuxhaven í þeim báðum og hafði það huggulegt. Frá Cuxhaven var siglt til Færeyja til að taka ís um borð og síðan farið beint á veiðar. Þá voru Bítlarnir ný-búnir að slá í gegn og þegar ég kom heim úr siglingunni klæddist ég gráum Bítla jakka, támjóum skóm og þröngum buxum með leðurrönd-um upp skálmarnar utanverðar. Spegilgleiraugu og hár niðu á herðar fullkomnuðu myndina. Það gerðist ekki flottara.

”

Svo heyrði ég einu sinni í hádeginu að það var auglýst eftir vönum háseta á togara. Ég fór og sótti um. Var spurður hvort ég væri vanur, ég sagðist aldrei hafa mígið í saltan sjó, en maður yrði ekki vanur nema fá að prófa.”

„Við pípulagnir í 55 ár“

Á leiðinni heim af skipsfjöl gekk ég eftir Skipholtinu laust eftir hádegi. Mætti þá Ford '54 sem ég þekkti og veifaði. Svo heyrði ég bíllinn snarstoppar og reykspólar svo til baka. Þá var þetta pabbi gamli. „Ert þetta þú?“ spurði hann og starði á mig. Ég staðfesti það. Þá bauð hann mér í bílinn og ók mér rakleiðis niður á Skólavörðustíg til Péturs rakara og þar var ég klipptur. Svo var farið með mig heim, ég látinn fara í vinnugalla og þar með var ég kominn í pípulagnirnar. Þetta var árið 1964. Við pípulagnirnar starfaði ég til áramótanna 1999/2000, í 55 ár.

Ég byrjaði að læra fagið í september 1964 og tók sveinsprófið vorið 1969. Vann sleitulaust við það til 1988, en þá fékk ég slæmt brjós-klos og var frá vinnu í níu mánuði. Þá hafði ég verið formaður Sveinafélags pípulagningarmanna frá 1980 og lét af því starfi 1989, ári eftir að ég veiktist.

„Mín fyrstu kynni af félagsstörfum“

Félagsstörfin byrjuðu reyndar nokkuð snemma. Upphaflega mætti ég stundum á fundi en tók ekki virkan þátt í starfinu. Svo var það árið 1974 að ég fékk hringingu og var sagt að ég yrði að mæta á fund í félaginu, þar sem ég hefði verið kosinn ritari á síðasta aðalfundi og þyrfti að rita fundargerð. Reglan var sú að í upphafi funda las ritarinn upp fundargerð síðasta fundar. Næsta fund á undan þessum hafði Gústaf Kristiansen ritað fundargerð, en nú kom það kom í hlut hins nýja ritara að lesa fundargerðina. Ég mætti sem betur fer tímanlega á fundinn, því í ljós kom að Gústaf ritaði nánast ólæsilega rithönd. Alls ekki illa, því skriftin var mjög falleg, en maður þurfti að þekkja hana til að geta lesið.

Ég fékk Gústaf til að lesa fundargerðina með mér tvisvar áður en fundurinn hófst. Síðan fór ég í pontu og flutti fundargerðina. Ég man ekkert eftir þessu atviki, leit aldrei fram í salinn, það var allt dimmt. Ég var svona stressaður. Þetta voru mín fyrstu kynni af félagsstörfum.



Sigurður Pálsson, 1983.

„Hver voru helstu verkefni pípulagningamanna þegar þú byrjaðir í faginu?“

– Um þetta leyti var verið að tengja íbúðarhúsin við hitaveituna, hún tröllreið öllu. Olíukyndingin var smátt og smátt að hverfa. Þetta fór dálítið eftir hverfum, ég man að það var verið að byggja inn við Sævið-arsund á þessum tíma og þar var lögð olíukynding, hitaveitan var ekki komin svo langt út í hverfin.“



”

Aðstæðurnar voru satt að segja alveg ömurlegar. Í nýbyggingum var ekkert í gluggaopunum. Húsin voru steipt upp á sumrin og á haustin vorum við sendir inn til að leggja pípulagnirnar og múrararnir svo á eftir okkur“.

„Miklar breytingar í faginu“

Lagnir voru allar sverar og mikið handsnitti. Líka svokallaðir þrælar ef maður var í mjög sveru. Það var svona lítill maskína með miklu skefti með svakalegum snitthaus. Það var stórmál að snitta eina gengju þótt þær væru ekki nema um tveggja sentimetra langar.

En þótt tenging eldri húsa við hitaveituna hafi verið aðalviðfangsefnið þá var auðvitað mikið um nýbyggingar. Þarna var til dæmis Borgarspítalinn í Fossvogi að rísa og ég var að vinna þar. Svo unnu pabbi og hans félagar mikið fyrir borgina um tíu ára skeið, m.a. við verkamannabústaði í Breiðholti, í Bökkunum og efra Breiðholti. Asparfellið, Æsufellið og lönguvitleysuna og svo botnlangana út frá þeim.

Svo var mikið um viðhaldsvinnu og þar fannst mér ég læra mest. Þar kynntist ég, ungi maðurinn, því sem gamalt var og maður lærði að bjarga sér. Enda fannst mér gaman að koma í gömul hús; þar gekk maður beint að biluninni.

„Þú kemur þá kannski á þeim tíma í fagið þegar ýmislegt er að breytast, efni, tæki og vinnubrögð.“

– Já, í byrjun áttunda áratugarins, 1971 og næstu ár þar á eftir verða miklar breytingar. Þá er plastið að koma til sögunnar. Það þá var mikil breyting, allt í einu gat maður tekið fimm skolp-stamma í fangið, tveggja metra rör fyrir greinar fyrir salerni, handlaugar baðkrana. Áður gat maður tekið eitt svona rör, það var svo miklu þyngra.

Stammarnir voru tengdir saman með því að troða tjöruhampi niður í múffuna og þétt ýmist með blýi eða brennisteini. Framan við múffuna var sett pulsa úr asbesti og hún klemmd saman að

ofanverðu. Síðan var blýi eða brennisteini hellt um op sem myndaðist þar sem pulsan var klemmd saman, til að þétta samskeytin. Utandyra voru notuð steinrör en tjöruhampur og steypa notuð til þéttingar.

„En fóru þá þessi gömlu, þungu efni ekki í bakið á ykkur?“

– Jú, mikil ósköp. Í dag er ég baklaus ef svo má segja og mjaðm-irnar eru slæmar. Maður bograði mikið í þessu starfi og þeir gera það stundum enn, sérstaklega þegar verið er að fást við eldhúsvaska. Maður skilur ekki hvers vegna skápurinn fyrir vaskinn þarf að vera svona lítill og þröngur, af hverju má hann ekki vera tíu sentimetrum breiðari? Stórfurðulegt.

„Feiknalegar framfarir“

Aðstæðurnar voru satt að segja alveg ömurlegar. Í nýbyggingum var ekkert í gluggaopunum. Húsin voru steyp- upp á sumrin og á haustin vorum við sendir inn til að leggja pípulagnirnar og múrararnir svo á eftir okkur. Þannig að ef kalt var úti þá var kalt inni, ef rigndi úti þá barst rigningin inn til okkar.

Seinna komu svo olíuofnar til sögunnar, svokallaðir Indíanar. Það var hrein bylting, að hita upp vinnuumhverfið. Og plast í gluggaopin. Það voru algjör jól. En svo áttuðu menn sig á því að ofnarnir voru ekki bara jákvæðni. Þeir ósuðu, það rauk úr þeim sótið þannig að það þurfti að þrifa allt umhverfið áður en hægt var að byrja að pússa. Ofnarnir voru inni í óloftræstum herbergjum og sótuðu og við sátum þarna í kaffitímunum og borðuðum nestið okkar.



Gullmerkishafar Sveinafélags pípulagningamanna. Frá vinstri: Sigurður Pálsson merki nr. 5, Helgi Þorvarðarson merki nr. 3, Þórir Gunnarsson merki nr. 2, Gestur Gunnarsson merki nr. 4 og Gústaf Kristiansen merki nr. 1.



Pípulagningamenn í fræðsluferð í Þýskalandi um miðjan áttunda áratuginn.

„Þannig að framfarir í efni og aðbúnaði hafa verið miklar?“

– Já, alveg feiknarlegar. Á þessum fimmtíu árum sem ég hef verið í faginu hefur orðið hrein bylting, bæði í efnum og verkfærum. En því miður eru alltaf margir sem halda að það sé ekkert mál að leggja pípulagnir af því að það sé bara sýsl við plast- eða álrör.

„Fór ekki einhver glans af faginu þegar léttari efni komu í stað þeirra gömlu þungu?“

– Já, sko menn þurftu eftir sem áður að standa sig í faginu. Margir sem voru að byggja virtust halda að þar sem þetta létta plast var komið í staðinn fyrir gömlu groddalegu rörin gætu bæði Pétur og Páll lagt lagnir. Þeir söguðu sundur rörin en hefluðu ekki endana og eyðilögðu þannig þéttinguna. Svo var allt pressað saman og míglak þegar þrýstingurinn var settur á. Þá þurftum við fagmennirnir að koma til sögunnar og lagfæra fúskið.

Ég man þegar plastefnin komu. Þráinn heitinn Karlsson, sem starfaði þá hjá byggingafulltrúa Reykjavíkurborgar, barðist fyrir því að fá þar til gerðar festingar á rörin. En það kostaði peninga, þannig að menn fóru bara að búa til teina og rafsðuð svo hosuklemmu. Við erum með svo heitt vatn Íslendingar að teinarnir aflöguðu rörin eftir því sem árin liðu og allt stíflaðist. Menn skyldu ekkert í þessu. En Þráinn barðist eins og ljón við að koma mönnum í skilning um eðli málsins. En allt þetta nýja aukadót kostaði peninga. Verktakarnir voru búnir að bjóða í verkin og voru ekki tilbúnir að nota dýrari aðföng en gert hafði verið ráð fyrir í tilboðinu.

Svo voru ofnarnir. Pílofnarnir komu, bæði helluofnar og þungir pottofnar, sem voru alveg skelfilegir að vinna við. Helluofnarnir voru framleiddir af Ofnasmiðjunni og voru ágætis vara, en þungir. Og vinnan við ofnana var öll unnin í höndunum, það mátti helst ekki fá neina lyftigræjur, taliur eða eitthvað. Það voru bara múrararnir sem fengu þannig græjur til að hífa upp sand og sement og slíkt. En við pípararnir vorum ekkert of góðir til að bera þessa ofna upp og niður alla stiga. Pottofnarnir voru skelfilega þungir, en það eru samt einu ofnarnir sem halda einhverjum hita að ráði. En þeir geta stíflast, sérstaklega þegar settir eru á þá þessir nýju kranar, retúrkranar og svoleiðis. Það sest í þá alls konar óþverri úr vatninu, kísill og þess háttar. En ef þeir eru óstíflaðir og eru ekki bronsaðir eru þeir finir. Sumir eigendur voru að bronsa þá til að gera þá fallega en bronsið einangrar þá og minnkar þar með hitastreymið frá þeim. Margir hafa farið flatt á því.

„Ekki bölvður klósettkafari“

„Manstu eftir einhverjum skemmtilegum sögum úr starfinu?“

– Já, það er stundum gaman að rifja þær upp. Man eftir einum strák sem var að vinna með okkur, skemmtilegur strákur að mörgu leyti. Hann hafði mjög gaman af að bora. Við vorum með stóran Black&Decker bor, herjans mikið tæki. Það var þannig að ef borinn festist í járn, þá varð maður að vera viðbúinn til að halda jafnvæginu. Þú máttir ekki halda í endann á handfanginu heldur hafa hendurnar sem næst miðju. Strákurinn stóð í stiga og var að bora upp fyrir sig þegar borinn festist. Stiginn datt

”

Taktu af þér þessa vettlinga, maður,” sagði ég, „Þá geturðu kannski unnið almennilega.” „Nei, Sigurður,” sagði hann. „Þegar ég á balli um helgina þá ég skrifstofumaður, ekki bölvapur klósettkaferi.”

undan honum svo hann hékk á handfanginu og sveiflaðist fram og til baka.

Svo man ég eftir finnskum vinnufélaga sem alltaf var með vinnuvettlinga á höndunum. Talaði svolítið bjagaða íslensku. Einhvern tíma skaut ég því að honum að svona vettlingar væru ekki hentugir í pípulögnum. „Taktu af þér þessa vettlinga, maður,” sagði ég, „Þá geturðu kannski unnið almennilega.” „Nei, Sigurður” sagði hann. „Þegar ég á balli um helgina þá ég skrifstofumaður, ekki bölvapur klósettkaferi.”

„Mælingastofan”

„Aftur að félagsmálunum. 1974 varstu kosinn ritari Sveinafélagsins; var það upphafið að félagsmálastarfinu?”

– Já, ég var ritari til ársins 1980. Þá var ég kosinn formaður og gegndi því starfi til 1989. Um það leyti var ég farinn að starfa á Mælingastofunni og fannst ekki viðeigandi að vera formaður Sveinafélagsins líka. Þegar ég varð formaður var embættið launalaust, sem var auðvitað ekki alveg í lagi. Maður var hlaupandi úr vinnu þegar eitthvað þurfti að gera eða var að gerast og mörg kvöld fóru í það at sem fylgir svona félagsstörfum. En ég fékk það í gegn 1986 eða ’87 að greiddir væru sem svaraði 700 tímum í dagvinnu fyrir formennskuna. Birgir Hólm Ólafsson tók við formennskunni af mér og Helgi bróðir minn af honum og var seinasti formaður Sveinafélagsins áður en það gekk í FIT.

Þegar ég svo hætti á Mælingastofunni fór ég að praktisera sem einyrki, vann fyrir tryggingarfélagin og hina og þessa aðra. Um mitt ár 2000 réði ég mig til Alhliða pípulagna ehf og vann þar í næstum 20 ár. 20. desember 2019 var síðasti vinnudagurinn.

Við hjónin lentum í slæmu bílslysi í júní 2018. Vorum akandi á leið suður og fengum annan bíl framan á okkur hérna megin við Vatnsdalshólana. Bílarnir fóru auðvitað í köku og við möl-brotnuðum á brjóstakassa bæði tvö, auk þess sem hún meiddist talsvert innvortis. Ég slapp hins vegar ótrúlega vel, braut nokkur rifbein og fékk slæmt högg á annað hnéð.





Þrír síðustu formenn Sveinafélags pípulagningamanna. Frá vinstri: Sigurður Pálsson, formaður 1980-1989, Birgir Hólm Ólafsson, formaður 1989-1999 og Helgi Pálsson, formaður 1999-2007.

Eftir þetta áfall fór óneitanlega að draga af manni. Ég var kominn í þægilega viðgerðarvinnu þegar þetta gerðist, og eftirlit með vatnsúðakerfum. Mátti vinna eins og ég vildi, sannkallaður lúxus.

„Það voru oft langar setur fyrir ekki neitt“

„Eitthvað í félagsmálastússinu sem þú manst eftir, úr launaprefinu og öðru?“

– Ég man eftir að fyrstu samningafundirnir sem ég sat var Torfi Hjartarson tollstjóri skipaður sáttasemjari. Hann var helvíti harður. Hleypti okkur ekki út heldur lokaði okkur inni langtímum saman, Ég man að einu sinni komst ég heim eftir hádegi 17. Júní. Á þessum tíma var ekki boðið upp á kaffi og vöfflur með sultu og þeyttum rjóma eins og síðar varð. Löngu seinna var að eitt af verkefnum mínum hjá Alhliða pípulögn-um að vinna við húsnæði sáttasemjara við Borgartún. Þá var reyndar Guðlaugur Þorvaldsson orðinn ríkissáttasemjari, sá fyrsti sem gegndi því embætti eingöngu.

Ég hef reyndar fylgt embættinu í gegnum tíðina og hitti þá alltaf hana Elísabetu Ólafsdóttur, hún er ennþá að baka vöfflur á skrifstofu sáttasemjara.

Það voru reyndar oft skemmtilegar stundir hjá sáttasemjara, hver svo sem gegndi embættinu. Menn sátu oft langtímum saman og biðu eftir að eitthvað mjakaðist einhvers staðar. Það voru oft langar setur fyrir ekki neitt. Oft gekk hvorki né rak fyrir en menn fóru afsíðis tveir og tveir saman og ræddu málín.

Við píparar vorum í miklu samstarfi við múrara, málara og veggfóðrara, eignlega allar byggingagreinarnar nema trésmiði. Þeir voru alltaf sér. Það voru margar tilraunir gerðar til að sameina þessi félög í eitt samband á borð við það sem Byggið er í dag. En alltaf þegar kom að lokahnykknum vildi trésmiðirnir alltaf meira í sinn hlut en aðrir, í krafti stærðar stéttarinnar, þá sprakk allt. Við Helgi Steinar hjá Múrarafélaginu, Magnús Stephensen hjá Malarafélaginu og Sigurður Pálsson hjá veggfóðrurum unnum mikið saman í þessum málum. Það er svolítið skemmtileg tilviljun að við nafnarnir Sigurður veggfóðrari og

ég eigum sama afmælisdag og fæddumst með ársmillibili.

„Þú ert pípari og faðir þinn var pípari og bróðir þinn líka. Áttu kannski líka son sem er pípari?“

– Nei, reyndar ekki og það er ástæða fyrir því, ég á tvær dætur, engan son. En ég á fimm afastráka og af þeim eru tveir komnir í pípunar. Þannig að fagið lifir enn í genunum.

Þannig að það er nokkuð ljóst um hvað er rætt í fjölskyldu-boðum hjá okkur.

„Lífið að loknum pípulögnum, er það sæmilegt?“

– Já já, það er alveg ágætt. Ég hef nægar tekjur til að komast ágætlega af. Mér finnst að við hjón höfum það ekkert verra

en þegar við vorum bæði að vinna. Kostnaðurinn er auðvitað miklu minni, bara við tvö í heimili. Ég væri auðvitað alveg til í meira, hver vill það ekki? En ég er í góðum málum.

„Þegar þú horfir til baka, hefðirðu viljað gera eitthvað annað - eða öðruvísi?“

– Nei, ég held ekki. Ég hef kynnst fjölmörgu fólki af ýmsu tagi; fólki sem maður var að vinna fyrir, eða jafnvel foreldra þess. Það þekkir mann enn og spyr jafnvel hvort maður sé örugglega alveg hættur. En ég tók þá staðföstu ákvörðun á sínum tíma að hætta alveg vegna þess hve slæmur ég er í bakinu. Og hef staðið við það.

Félagsfáni Sveinafélags pípulagningamanna

Veturinn 1980-1981 kom þáverandi formaður Þórir Gunnarsson með þá tillögu að láta hanna fána fyrir félagið. Fengnar voru 3 tillögur að fána og en síðan var kosið á milli tveggja tillaga. Tillaga frá Gunnari Gestssyni pípulagningamanni var síðan samþykkt á félagsfundi.

Eiginkonur stjórnarmanna gengu í það að safna fyrir fánanum með því að hringja í allar eiginkonur meðlima í Sveinafélaginu og biðja um framlög og gekk það vonum framar, þeim tókst að safna fé fyrir efninu og vinnu en saumakonan Erla Gunnarsdóttir vann verkið að mestu leyti.

Gunnar Gestsson gaf Sveinafélaginu vinnu sína við hönnun og svolítinn saumaskap. Fáninn var síðan afhentur formlega af hendi eiginkvenna til okkar á 50 ára afmæli Sveinafélags pípulagningamanna 11. maí 1982 og eiga þær miklar þakkir skildar fyrir það.



Myndin er tekin þegar fáninn var afhentur á 50 ára afmæli Sveinafélags pípulagningamanna. Frá vinstri: Hanna María Baldvinsdóttir sem afhenti fánann fyrir hönd Sveinafélagskvenna, Kristjana Hjartardóttir fékk blómvönd fyrir stuðning sinn við Sveinafélagið, Alda Sigurjónsdóttir var formaður Klúbbs 44, Elín Bjarnadóttir var starfsmaður Mælingastofunnar frá upphafi og Sigurður Pálsson formaður.

**Hildigunnur
Guðmundsdóttir
nýr starfsmaður
á skrifstofu FIT**



Það telst til tíðinda þegar nýr starfsmaður er ráðinn til FIT og vegna þessa var ákveðið að taka örvíðtal við Hildigunni Guðmundsdóttur og rekja úr henni garnirnar.

Fyrsta spurningin hlýtur að vera hvaðan Hildigunnur kemur og hver hennar bakgrunnur er?

„Ég er fædd og uppalin í Keflavík og er bara nýflutt í Kópavoginn“ segir Hildigunnur og brosir, heldur síðan áfram. Dóttir verk-taka og húsmóður, ein af þremur systur. Fyrsta starfið mitt var garðsláttur hjá hernum upp á Ásbrú. Þar starfaði ég á sumrin þegar ég var á grunnskólaaldri, einnig fór ég á loðnuvertíðir og í saltfiskverkun. Með framhaldsskóla vann ég afgangslustarfræði í líkamsræktarstöð en vann í veiðihúsi við Laxá í Kjós á sumrin við að þjóna og þrifa segir Hildigunnur dreymin á svip við það að rifja upp gamlar og góðar minningar.

Pú ert reynslumikil og með mjög fjölbreyttan bakgrunn en hvaða leið hefur þú farið innan menntakerfisins?

Ég kláraði stúdentspróf en eftir það þreifaði ég fyrir mér í námi. Tók diplóma nám í flugrekstrarfræði frá flugakademíunni í Keili samhliða vinnu. En eftir ca. 15 ára fjarveru frá skóla þá fór ég aftur í háskólanám sem ég lauk í desember 2019 með mastersgráðu. Ég lauk Bachelor of Science (Bsc gráðu) í Viðskiptalögfræði og síðan mastersgráðu (M.L.) í Lögfræði. Núna er ég í löggildingar námi til Fasteigna- og skipasala samhliða vinnu og mun eg ljúka því vorið 2022 segir Hildigunnur ákveðin. Við höldum umræðunni áfram og förum að ræða um gildi menntunnar og námsleiðir „þannig að ég er gott dæmi um nauðsyn þess að halda áfram að mennta sig og í raun hvað íslenska menntakerfið er sveigjanlegt.“

Samtalið þróast út í hvað Hildigunnur hefur verði að starfa við síðustu árin.

„Ég vann í 10 ár hjá Tækniþjónustu Icelandair sem þjónustustjóri, vann náðið með flugvirkjum og verkfræðingum, þar til árið 2015 þá fór ég í nám í Viðskiptalögfræði. Ég byrjaði aftur hjá þeim haustið 2019 með mastersnáminu sem verkefnastjóri til febrúar 2020. Eftir það vann ég á Lögmannsstofu Reykjaness og Lögbýli Eignamiðlun þangað til að ég var ráðin til Félags iðn- og tæknigreina segir hún og lifnar öll við þegar talið berst að nýja starfinu og við spyrjum því hvaða væntingar Hildigunnar hafi til starfsins, nú þegar hún hefur hafið störf sem sérfræðingur hjá FIT. Hún er snögg að svara „Að þróast vel í starfi og geta unnið þau verkefni sem koma á borð til mín vel og örugglega, halda áfram að þróast í starfi og námi.“

Pú hófst störf í sumar og nú þegar þú hefur fengið smjörþefinn af starfinu, þá er edlilegt að spyrja, hvað hefur komið þér mest á óvart frá því að þú hófst störf?

„Hvað verkefnin eru gríðarlega fjölbreytt, mikið og breytt svið“

Síðasta spurningin er auðvitað hvort Hildigunnur vilji segja eitthvað að lokum?

„Ég hef haft tækifæri til að öðlast viðtæka starfsreynslu og



”

Núna er ég í löggildingar-námi til Fasteigna- og skipasala samhliða vinnu og mun eg ljúka því vorið 2022 segir Hildigunnur ákveðin.”

menntun sem ég er sannfærð um að muni koma mér að notum í þessu starfi“

Við erum sannfærð um að félagsmenn FIT komi til með að eiga gott samstarf við Hildigunni og fá góða þjónustu, vegna reynslu hennar og bakgrunns. Að lokum óskum við henni velfarnaðar í starfi við að þjónusta félagsmenn Félags iðn- og tæknigreina.

Desemberuppbót 2021

Desemberuppbótin á almennum markaði, að meðtöldu orlofi er kr. 96.000 og skal greiðast í síðasta lagi 15. desember miðað við starfshlutfall og starfstíma. Starfsmenn sem verið hafa samfellt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi 1. desember eiga rétt á desemberuppbót líkt og aðrir. Sá tími sem starfsmaður er í fæðingarorlofi telst sem starfstími við útreikning desemberuppbótar. Iðn-
nemar í fullu starfi hjá fyrirtæki á námstíma fá fulla desemberuppbót. Fullt starf telst vera 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof.

Desemberuppbót að meðtöldu orlofi er 96.000. kr. fyrir eftirtalda kjarasamninga:

Samtök atvinnulífsins, Bílgreinasambandið, Félag pípulagn-ingameistara Félag ráðgjafarverkfæðinga, Meistarasamband bygingamanna, Ríkið, Snyrtifræðingar, Samband garðyrkju-bænda.

Upphæð desemberuppbótar í eftirtöldum kjarasamningum er:

Kirkjugarðar Reykjavíkur 106.100. kr.
Landvirkjun 138.757. kr.
Norðurál 238.923. kr.
Orkuveita Reykjavíkur 111.300. kr.
Reykjavíkurborg 104.100. kr.
Samband íslenskra sveitafélga 121.700. kr.
Strætó 104.100. kr.

ÍSAL

Starfsmaður sem í nóvemberlok hefur unnið samfleytt hjá ÍSAL í eitt ár eða lengur skal fá greidda desemberuppbót. Orlofs- og desemberuppbót skal nema hálfum byrjunarlaunum 14 launaflokks að viðbættu 2ja ára sveinsbréfsálagi og ferðapeningum. Desemberuppbótin er greitt með nóvemberlaunum. Starfsmenn með skemmri starfstíma og þeir sem ráðnir eru í hlutastarf fá hlutfallslegar greiðslur að undanskildum þeim sem starfa samkvæmt fylgiskjali (19) sjá lið 6.2. kjarasamnings.



Breytingar á kjörum 1. janúar 2022

- samkvæmt kjarasamningum FIT og SA

Almenn hækkun er 15.750 kr. frá og með 1. janúar.

Tímalauun hækka eftirfarandi:

Deilitala	Hækkun per klst.
160	107,1 kr.
157,08	109,82 kr.
156	110,58 kr.

Taxtar hækka um 25.000 kr á mánuði.

Deilitala	Hækkun per klst.
160	156,25 kr.
157,08	159,15 kr.
156	1160,26 kr.

Frá 1.1.2022 tekur gildi einhliða ákvörðun starfsmanna í kosningu, þar sem meirihluti ræður, um að stytta vinnutímann.

Ákvæðið á við ef ekki er búið að semja um vinnutímastyttingu í samræmi við grein 3.1.2. í kjarasamningi um styttingu vinnutímans. Grein 5.13 í kjarasamningum Fagfélaganna og SA.

Staðlaður, valkvæður fyrirtækjapáttur (gildir frá 1.1.2022)

Hafi ekki verið gert samkomulag á grundvelli þessa kafla um fyrirkomulag vinnutíma geta starfsmenn fyrirtækis kosið um upptöku staðlaðs fyrirtækjapáttar kjarasamnings. Í staðlaða fyrirtækjapáttinum felst 36 stunda og 15 mínútna virkur vinnutími á viku að jafnaði (virkur vinnutími að jafnaði 7 klst. og 15 mín. á dag).

Náist ekki samkomulag um fyrirkomulag styttingar verður virkur vinnutími á dag 7 klst. og 15 mínútur. Deilitala til útreiknings tímakaups verður 157,08 og greiðist yfirvinna 2 fyrir vinnu umfram 40,25 klst. á viku að meðaltali á mánuði / launatímabili. Dagleg viðvera á vinnustað er virkur vinnutími að viðbættum tíma sem starfsmaður er ekki við störf.

Það að taka upp staðlaðan, valkvæðan fyrirtækjapátt skv. grein 5.13 hefur ekki áhrif á kaffitíma en ef kaffitímum hefur verið breytt þá eigi vinnutími að vera 36 klst.

Upptaka staðlaðs fyrirtækjapáttar hefur ekki áhrif á vinnutíma á vinnustöðum þar sem virkur vinnutími er styttri en 36 stundir og 15 mínútur.

Staðlaður fyrirtækjapáttur tekur gildi í upphafi þarnaestu mánaðamóta eftir samþykkt hans hafi tillaga um upptöku hans verið samþykkt í leynilegri atkvæðagreiðslu skv. 5. kafla kjara-samnings sem trúnaðarmaður starfsmanna stendur fyrir. Sé gert samkomulag um annað fyrirkomulag vinnutíma á grundvelli þessa kafla fellur staðlaður fyrirtækjapáttur niður á sama tíma.

Fyrsta skrefið til að nýta þetta ákvæði er að hafa samband við þitt stéttarfélag

1. Láta greina núverandi vinnutíma.
2. Fá svar um hvað er mikið rými til styttingar
3. Fá svör um næstu skref.



Heldrimannaferð

Félag iðn- og tæknigreina fór í sína árlegu ferð með „Heldri félagsmenn“ föstudaginn 5. nóvember 2021. Engin ferð var farin árið 2020 vegna covid og það leit lengi vel ekki út fyrir það að ferðin yrði farin, en með stuttum fyrirvara var tekin ákvörðun að fara, þótt seint væri.

Félagar frá Akranesi og Reykjanesi voru sóttir og síðan var farið á tveimur rútum frá Árbæjarsafni klukkan 10:00. Ekið var sem leið lá austur fyrir fjall og félagar teknir upp í Hveragerði og á Selfossi. Þátttakendur í ferðinni urðu alls 65, þar með taldir, formaður félagsins Hilmar Harðarson, Rúnar Hreinsson, ljósmyndari og fararstjórar Gunnar Halldór Gunnarsson og Ólafur Sævar Magnússon.


Fyrsti áfangastaður ferðarinnar var stopp við Urriðafoss. Fyrsta altarisganga ferðarinnar fór þar fram á planinu. Eftir smá stopp, þar sem sumir fóru og litu fossinn augum, var haldið að Hótel Rangá. Þar var vel tekið á móti hópnum með fordrykk og síðan samkvæmt venju var sunnudags-lambalæri snætt með öllu tilheyrandi og að lokum ís og kaffi á eftir. Undir borðhaldi spilaði Bogi Sigurðsson harmonikkuleikari og eftir matinn var sungið og spilað við undirleik Boga.

Á Hótel Rangá fræddi Samúel Örn Erlingsson okkur um, sögu svæðisins, hella á Suðurlandi ásamt fjölmargar skemmtisögur um menn og hesta. Góður rómur var gerður að sögum hans.

Eftir matinn var lagt af stað áleiðis heim, undir leiðsögn Samúels og stoppað við hjá Hellunum við Hellu. Í hellunum má t.d. finna stórmerka krossa, gamlar veggjaristur, myndir, syllur og innhöggv-in sæti. Leynardómur umlykur hellana og öldum saman hefur fólk velt fyrir sér hvort hellarnir séu gerðir af pöpum og hve gamlir þeir séu. Flestir úr hópnum höfðu aldrei heimsótt þennan stað og nutu heimsóknarinnar undir fræðandi leiðsögn Samúels. Við þetta tækifæri afhenti FIT, mönnum vasaljós að gjöf til minningar um ferðina og síðan var tekið til altaris í síðasta skipti þessarar ferðar.

Heimferðin gekk vel og það voru þreyttir og ánægðir iðnaðarmenn sem komu til síns heima með von í brjóst að það verði farin önnur ferð að ári.





Vinnusloppar afhentir í Fjölbrautar- skóla Suðurlands





Fremri röð frá vinstri: Dagur Úlfarsson, Lárus Gestsson kennari og fagstjóri tréiðngreina, Hilmar Harðarson formaður FIT, Borgþór Helgason kennari og fagstjóri málmíðngreina, Freyja Kristín Guðjónsdóttir, Þorri Elí Sigþórsson, Magnús Bjarki Snæbjörns-son. **Aftari röð frá vinstri:** Halldór Scheving Viðarsson, Örn Sigurðarson nemandi, Vignir Jóhannsson nemandi, Kristín Ósk Guðmundsdóttir nemandi, Jón Bjarni Ágústsson nemandi, Hjalti Guðmundsson kennari.

Hilmar Harðarson formaður Félags iðn- og tækni- greina, afhenti á dögunum fyrir hönd FIT, nemend- um og kennurum Fjölbrautarskólans á Suðurlandi, vinnusloppa að gjöf í tvær deildir skólans, á húsa- smíðabraut og á vélvirkjabraut. Miklar framkvæmdir og uppgangur hafa verið á Árborgarsvæðinu og eru fyrirhugaðar á næstu árum og því mikilvægt að stuðla að fjölgun á iðnlærðu fólki. FIT hefur leitast við að finna leiðir til að styðja við nemendur sem leggja stund á iðnnám og er afhending vinnusloppa til nema liður í því.





ÞÍN SÉREIGN


Séreignarsparnaður er viðbót við lögbundinn lífeyrissparnað og er þín eign.

Þú ræður hvernig þú ráðstafar honum eftir að þú nærð 60 ára aldri.

Tökum dæmi*: Ef þú ert með 650.000 kr. í mánaðarlaun og byrjar að safna í séreign þegar þú ert 25 ára og tekur út sparnaðinn þegar þú verður 67 ára, gætir þú verið búinn að safna um **44** milljónum króna.

7 milljónir er
framlag launagreiðanda

13 milljónir er
framlag þitt



24 milljónir er
ávöxtun á tímabilinu
(miðað við 3,5% væntaávöxtun)

**Upplýsingarnar eru settar fram í dæmaskyni en eign sjóðfélaga fer eftir iðgjöldum ogávöxtun yfir tímabilið.*

Kynntu þér málið á birta.is

Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík | 480 7000



BIRTA
LÍFEYRISSJÓÐUR